

Múlaþing
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 14. febrúar 2023
UST202301-324/B.S.
10.04.02

**Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 -
frístundabyggð við Eiða. Umsögn**

Vísað er til erindis Múlaþings dags. 20. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs.

Fyrirhugað er að afmarka um 160 lóðir við Lagarfljót og Eiðavatn.

Umhverfisstofnun gerði tillögu um stórt friðland á Úthéraði 2003 og er umrætt skipulagssvæði hluti þess.

Í Náttúrumæraskrá Helga Hallgrímssonar er lýst verndargildi svæðisins og einnig hefur Náttúrufræðistofnun Íslands lagt til að svæðið verði flutt á B-hluta náttúruinjasrár í ljósi þess að svæðið hefur ótvírætt mikið verndargildi sem ætti alls ekki að raska.

Til að svo megi vera telur Umhverfisstofnun að í stað þess að afmarka fjölda lóða í upphafi skipulagsferlis ætti frekar að láta fjölda lóða og staðsetningu og stærð ráðast af þeim takmörkunum sem svæðið setur byggð af þessu tagi, sérstaklega í votlendi og á bökkum Eiðavatns og Lagarfljóts. Taka verður með hvernig vegum lögnum og fráveitu verði best komið fyrir án þess að stórfelld röskun votlendis fylgi lagningu þessara mannvirkja. Með þessari nálgun væri frekar unnt að standa vörð um verndargildi svæðisins vegna náttúrufræðis auk þess sem svæðið nýttist áfram til útivistar.

Umhverfisstofnun telur að sú nálgun að skilgreina í upphafi fjölda lóða og stærð þeirra geti verið eðlilegt verklag þar sem um einsleitt land er að ræða. Sú er ekki raunin hér þar sem fjölbreytt landslag einkennir svæðið og ætti í skipulagi að standa vörð um einkenni svæðisins þótt lóðum kunni að fækka.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur